

Mál nr. 47/2008

M
og
Vátryggingafélagið X v/frítímaslysatryggingar

Meiðsl 01.06. 2003, ágreiningur um réttarstöðu.

Gögn.

- 1) Málskot mótttekið 10.03. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 17.03. 2008, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Vátryggingfélagið hafnar ábyrgð á þeim grundvelli að í skilmálum frítímaslysatryggingar er tekið fram að vátryggingin bætir ekki slys sem vátryggður verður fyrir í handalögmálum, við þátttöku í refsiverðum verknaði, undir áhrifum deyfi- og/eða eiturlyfja og í öðrum nema sannað sé að ekkert samband hafi verið á milli ástand þess og slyssins. Félagið vísar til þess að í gögnum málsins segir m.a. að tjónþoli (M) hafi blandað sér í átök eftir að þau hófust og í þessum átökum hlaut hann áverka. Félagið telur að um handalögmál hafi verið að ræða skv. skilmálum. M telur bótaábyrgð fyrir hendi. Óþarft er að rekja umfjöllun hans í málskotinu.

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa er bótaskylda ekki fyrir hendi. Samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar bætir hún ekki slys sem vátryggður verður fyrir í handalögmálum sbr. nánar ákvæði skilmála. Fyrirliggjandi gögn verða ekki skýrð á annan veg en þann að M hafi verið þátttakandi í handalögmálum í umrætt sinn. Með hliðsjón af framanrituðu verður að leggja til grundvallar að skilyrði bótaskyldu séu ekki uppfyllt.

Niðurstaða.

Ekki hefur verið sýnt fram á greiðsluskyldu samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 15. apríl 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.